



Félag sjúkraþjálfara
Unnar Pétursdóttir
Borgartúni 6
105 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 17. febrúar 2021
Tilv.: HRN20120344/02.13.00

Efni: Mótmaði Félags sjúkraþjálfara vegna nýrra viðbótarskilyrða í reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis Félags sjúkraþjálfara, dags. 1. febrúar sl. þar sem félagið mótmælir harðlega þeim viðbótarskilyrðum sem sett voru í nýrri reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara. Meðfylgjandi erindi félagsins var minnisblað, dags. 26. janúar sl., sem tekið var saman fyrir félagið af MAGNA lögmönnum. Niðurstaða minnisblaðsins var sú að skilyrði um tveggja ára starfsreynslu sjúkraþjálfara í reglugerð nr. 1364/2019 skorti lagastoð.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar markar ráðherra stefnu innan ramma laganna, laga um heilbrigðisþjónustu og annarra laga. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeiri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni.

Í 21. gr. laganna er fjallað um þjónustu sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara og talmeinafræðinga. Í 1. mgr. ákvæðisins kemur fram að sjúkratryggingar taka til nauðsynlegrar sjúkraþjálfunar sem samið hefur verið um skv. IV. kafla laganna. Þá segir í 2. mgr. 21. gr. að ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþáttöku sjúkratrygginga í kostnaði við þjálfun. Í frumvarpi því sem varð að lögum um sjúkratryggingar segir í umfjöllun um 21. gr. að skilyrði greiðsluþáttöku samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er að í gildi sé samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og þess sjúkraþjálfara sem veitir þjónustuna eða fyrirtækis hans.

Meginregla laga um sjúkratrygginga er að Sjúkratrygginga Íslands semji við veitendur heilbrigðisþjónustu ef til þess á að koma að ríkið greiði hlutdeild í kostnaði sjúkratryggðra notenda þjónustunnar. Í 38. gr. laganna er hins vegar að finna úrræði í þeim sérstöku tilfellum þegar samningar um heilbrigðisþjónustu eru ekki fyrir hendi. Þá er heimilt tímabundið að endurgreiða sjúkratryggðum útlagðan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu á grundvelli gjaldskrár sem Sjúkratryggingar Íslands gefa út. Gert er ráð fyrir að ávallt verði gripið til slíks úrræðis tímabundið og að ákvæðið verði nýtt til að brúa millibilsástand þegar samningaviðræður standa yfir, sbr. umfjöllun í greinargerð frumvarpsins sem varð að lögum um sjúkratryggingar. Þá er í 2. mgr. 38. gr. kveðið á um skyldu ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd, m.a. um tímalengd heimildarinnar og skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að Sjúkratryggingar Íslands greiða hlutdeild í kostnaði sjúkratryggðra sem nýta sér þjónustu sjúkraþjálfara sem starfa samkvæmt samningi við

stofnunina, þ.e. aðild sjúkraþjálfara að samningi er forsenda greiðslupáttöku ríkisins. Í framangreindu minnisblaði er tekið fram að hafi einstaklingur fengið útgefið starfsleyfi til að starfa sem sjúkraþjálfari skuli hann frá þeim tímapunkti njóta allra þeirra réttinda sem almennir sjúkraþjálfarar njóta lögum samkvæmt. Ráðuneytið bendir á að greiðslupátttaka ríkisins eru ekki réttindi sem sjúkraþjálfarar eða aðrir heilbrigðisstarfsmenn njóta lögum samkvæmt og eiga fullan rétt á. Því til frekari stuðnings má nefna að þjónusta fjölda stéttu heilbrigðisstarfsmanna njóta ekki greiðslupáttöku ríkisins, t.d. fótaaðgerðafræðingar, næringaráðgjafar og félagsráðgjafar. Þó sjúkraþjálfarar séu sérstaklega tilgreindir í 21. gr. laganna er skilyrði fyrir greiðslupáttöku í kostnaði sjúkratryggðra notenda þjónustu þeirra samt sem áður samningur. Má í því samhengi vísa til þess að ríkið greiðir ekki hlutdeild í kostnaði við sálfræðiþjónustu 18 ára og eldri, þar sem ekki er til staðar samningur um þjónustuna, samt sem áður eru sálfræðingar sérstaklega tilgreindir í lögnum líkt og sjúkraþjálfarar, sbr. 21. gr. a. laganna. Þá er hvergi vikið að greiðslupáttöku ríkisins vegna þjónustu þeirra sjúkraþjálfara sem hafa starfsleyfi frá embætti landlæknis í reglugerð nr. 1127/2012 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraþjálfara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi.

Samningur sjúkraþjálfara og Sjúkratrygginga Íslands fíll úr gildi 12. janúar 2020. Á grundvelli heimildar í 38. gr. laga um sjúkratryggingar setti heilbrigðisráðherra reglugerð nr. 1364/2019 um greiðslur vegna þjónustu sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands. Þann 16. desember sl. var gildistími reglugerðarinnar fram lengdur til og með 30. apríl nk., sbr. breytingarreglugerð nr. 1453/2020. Með breytingarreglugerðinni var jafnframt gert að skilyrði fyrir greiðslupáttöku Sjúkratrygginga Íslands að sjúkraþjálfari hafi starfað í að minnsta kosti tvö ár sem slíkur, í að minnsta kosti 80% starfshlutfalli, eftir löggildingu. Vert er að benda á að reglugerðin gildir eingöngu um þjónustu sjúkraþjálfara sem starfa utan samninga. Ráðuneytið getur ekki fallist á það sem fram kemur í minnisblaðinu að með skilyrðinu hafi verið settar frekari skorður á starfsleyfi sjúkraþjálfara, þ.e. að um sé að ræða viðbótarskilyrði við starfsleyfi sjúkraþjálfara. Það að hafa leyfi til að starfa sem sjúkraþjálfari þýðir ekki að viðkomandi eigi þá sjálfkrafa rétt á hlutdeild ríkisins í kostnaði þeirrar þjónustu sem viðkomandi veitir. Viðkomandi þarf að ganga til samninga við Sjúkratryggingar Íslands um hlutdeild eða þegar engir samningar eru til staðar, að uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur einhliða samkvæmt heimild í 38. gr. laganna. Sjúkraþjálfarar sem uppfylla ekki skilyrðið um tveggja ára starfsreynslu, halda starfsréttindum sínum og geta áfram stofnað eigin rekstur en þá án greiðslupáttöku frá ríkinu. Umræddir sjúkraþjálfarar geta einnig ráðið sig í starf hjá öðrum, t.d. opinberum sjúkrastofnunum.

Í lögum um sjúkratryggingar kemur skýrt fram að ráðherra ber að setja reglugerð um nánari framkvæmd, þar sem honum er ýmist heimilt að setja nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, sbr. 2. mgr. 2. gr. eða honum er skylt að setja skilyrði fyrir endurgreiðslu í hvert sinn sem samningur um þjónustuna er ekki fyrir hendí, sbr. 38. gr. Ráðuneytið getur því ekki fallist á það sem fram kemur í minnisblaðinu um að heimild ráðherra sé bundin við „tæknileg skilyrði“, enda hvergi kveðið á um slík skilyrði í lögnum. Með breytingareglugerð nr. 1453/2020, ákvað ráðherra að taka ekki þátt í kostnaði vegna þjónustu sjúkraþjálfara sem starfa utan samninga og hafa starfað skemur en tvö ár. Samningar Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu eru ítarlegir og kveða m.a. á um ákveðið eftirlit með þeirri þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi, þ.e. eftirlit með tegund, magni, gæðum, kostnaði og árangri þjónustunnar. Þegar samningsleysi stendur yfir þá hafa Sjúkratryggingar Íslands einungis eftirlit með að reikningsgerð sé í samræmi við veitta þjónustu og gjaldskrá stofnunarinnar, sbr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar og því eðlilegt að gerðar séu ríkar kröfur til þjónustunnar sem ríkið er að endurgreiða til sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð. Eins og réttilega er bent á í minnisblaðinu, hefur sambærilegt skilyrði ekki verið sett áður í rammasamninga milli Sjúkratrygginga Íslands og sjúkraþjálfara enda semja aðilar um ákvæði samninga. Ráðherra setur hins vegar reglugerðir einhliða og er því ekki skylt að hafa samráð við aðila sem hugsanlega kunna að hafa hagsmuna að gæta.

Samkvæmt framansögðu telur ráðuneytið að með skilyrðinu um tveggja ára starfsreynslu í reglugerð nr. 1364/2019 um greiðslur vegna þjónustu sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við

Sjúkratryggingar Íslands sé ekki verið að skerða atvinnufrelsi. Öllum er frjálst að starfa sem sjúkraþjálfari sem hafa leyfi frá embætti landlæknis til að starfa sem slíkur, þ.e. frelsi til að stunda atvinnu sem sjúkraþjálfari er ekki settar skorður með umræddu ákvæði. Þá leiðir það ekki af atvinnufrelsисákvæði stjórnarskrárinnar að ríkinu beri skylda til að greiða fyrir þjónustu tiltekinnar heilbrigðisstéttar. Með reglugerðinni er verið að setja skilyrði fyrir greiðsluþáttöku ríkisins, enda kveðið skýrt á um það í lögum um sjúkratryggingar að ráðherra er bæði heimilt og skylt að setja reglugerð um skilyrði greiðsluþáttöku ríkisins fyrir þjónustu sjúkraþjálfara, sbr. 2. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 38. gr. laganna.

Hvað varðar umfjöllun í minnisblaðinu um aðra óbeina mismunun sem kann að leiða af umræddu skilyrði er vert að benda á að réttarsamband Sjúkratrygginga Íslands og sjúkraþjálfara er ekki samband vinnuveitenda og launþega. Þegar ráðherra setur reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands samkvæmt áðurnefndri heimild í 38. gr. laga um sjúkratryggingar er ekki til staðar samningssamband milli Sjúkratrygginga Íslands (íslenska ríkisins) og sjúkraþjálfara, heldur er einungis verið að tryggja hag sjúkratryggðra með áframhaldandi greiðsluþáttöku ríkisins. Ákvæði 19. gr. laga nr. 150/2020 (í minnisblaði vísað til 26. gr. eldri laga nr. 10/2008), um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, gildir ekki um slíkt fyrirkomulag, þ.e. til greiðslna til sjúkratryggðra notenda tiltekinnar þjónustu, enda kveður ákvæðið á um bann við mismunun í starfi og við ráðningu.

Að lokum er vert að taka fram að samningsleysi milli Sjúkratrygginga Íslands og sjúkraþjálfara hefur staðið yfir í meira en ár, sem ætla má að fari gegn meginreglu laga um sjúkratryggingar að samningsleysi er tímabundið frávik. Sjúkraþjálfun er mikilvæg heilbrigðisþjónusta sem samkvæmt lögum ber að tryggja með samningi en samningaviðræður hafa enn ekki skilað árangri. Ráðuneytið leggur því áherslu á að Sjúkratryggingar Íslands og sjúkraþjálfarar gangi til samninga um veitingu þjónustu sjúkraþjálfara, sjúkratryggðum til hagsbóta.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Hrönn Ottósdóttir


Aðalbjörg Guðmundsdóttir

$$\frac{d}{dt} \left(\frac{\partial \mathcal{L}}{\partial \dot{x}_i} \right) = \frac{d}{dt} \left(\frac{\partial \mathcal{L}}{\partial x_i} \right) + \frac{d}{dt} \left(\frac{\partial \mathcal{L}}{\partial \dot{x}_i} \right)$$